

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, nr. 800/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.18 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/2144 frá 17. desember 2020 um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.18.
- 1.19 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1866 frá 22. október 2021 um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.19.
- 1.20 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/2181 frá 9. desember 2021 um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.20.
- 2.19 Framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2020/2133 frá 17. desember 2020 um framkvæmd 9. gr. í reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.19.
- 2.20 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/1863 frá 22. október 2021 um breytingu reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.20.
- 2.21 Framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2021/2177 frá 9. desember 2021 um framkvæmd 9. gr. í reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.21.
- 2.22 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/2176 frá 9. desember 2021 um breytingu reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.22.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 11. janúar 2022.

Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.18.**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/2144****frá 17. desember 2020****um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó**

Viðauka I við ákvörðun 2010/788 (SSUÖ) er breytt í samræmi við viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2020/2144/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 1.19.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/1866****frá 22. október 2021****um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2008/369/SSUÖ, með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 20. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/788/SSUÖ.
- 2) Hinn 29. júní 2021 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2582 (2021) um breytingu á viðmiðunum vegna tilgreiningar einstaklinga og rekstrareininga sem þær þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í 9. og 11. lið ályktunar öryggisráðs SP nr. 1807 (2008), taka til.
- 3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/788/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað i-liðar 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2010/788/SSUÖ kemur eftirfarandi:

- i) „að skipuleggja, stjórna, vera bakhjarl eða þátttakandi í árásum gegn friðargæsluliðum MONUSCO-sendisveitarinnar eða starfsfólki Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. hópi sérfræðinga, eða gegn heilbrigðis-starfsfólki eða starfsfólki mannúðarsamtaka.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 22. október 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

G. DOVŽAN

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/1866/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 1.20.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/2181**

frá 9. desember 2021

**um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó**

- 1) Heiti ákvörðunar er breytt í „Ákvörðun ráðsins 2010/788/(SSUÖ) frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó“
- 2) 9. gr., 2. mgr., skal vera svohljóðandi:
„aðgerðir sem vísað er til í 3. gr. (2) skulu gilda til 12. desember 2022. Þær skulu endurnýjaðar og breytt eins og þurfa þykir, ef ráðið telur tilgangi þeirra ekki náð.“
- 3) Viðauka II er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/2181/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.19.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2020/2133****frá 17. desember 2020****um framkvæmd 9. gr. í reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**

Viðauka I við reglugerð (EB) nr. 1183/2005 er skipt út fyrir viðaukann við reglugerð þessa (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2133/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda

ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.20.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/1863****frá 22. október 2021****um breytingu reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1866 frá 22. október 2021 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 kemur ákvörðun 2010/788/SSUÖ til framkvæmda og þar er kveðið á um tilteknar aðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta gegn vopnasölubanninu varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, þ.m.t. frýstingu eigna þeirra.
- 2) Með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2582 (2021) var viðmiðunum breytt vegna tilgreiningar einstaklinga og rekstrareininga sem þær þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í 9. og 11. lið ályktunar öryggisráðs SP nr. 1807 (2008), taka til. Með ákvörðun (SSUÖ) 2021/1866 kemur ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 2582 (2021) til framkvæmda.
- 3) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er löggjöf á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda ákvörðun (SSUÖ) 2021/1866 í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1183/2005 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað i-liðar 1. mgr. 2. gr. a reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 kemur eftirfarandi:

- i) að skipuleggja, stjórna, vera bakhjarl eða þátttakandi í árásum gegn friðargæsluliðum MONUSCO-sendisveitarinnar eða starfsfólki Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. hópi sérfræðinga, eða gegn heilbrigðisstarfsfólki eða starfsfólki mannúðarsamtaka.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

G. DOVŽAN

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1863/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.21.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/2177

frá 9. desember 2021

um framkvæmd 9. gr. í reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Viðauka Ia við reglugerð (EB) nr. 1183/2005 er skipt út fyrir viðaukann við reglugerð þessa (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/2177/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.22.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/2176

frá 9. desember 2021

**um breytingu reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tilteknar,
sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið
varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**

Heiti reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 er breytt í „Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 varðandi þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. (Efnisútdráttur).

B-deild – Útgáfudagur: 26. janúar 2022